

Fundargerð

Fundarefni:	Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	27. ágúst 2013
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Hörður Sigurðsson, Karl Einarsson Lárus Axel Sigurjónsson, Sigurður Grétarsson og Berglind Svavarsdóttir
Fjarverandi:	Hólmfríður Einarsdóttir
Ritað af:	Berglind Svavarsdóttir

1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 19.37

2. Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar borin undir fundinn og samþykkt.

3. Sala til 1. bekkinga

Af 60 þökkum seldust 58. Þökkun og sala gekk vel en fundarmenn voru sammála um að brýn þörf væri á að kynna þetta fyrirkomulag í vorskólanum.

4. Fjárhagsáætlun vetrarins

Farið yfir fjárhagsáætlun sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti. Að loknum töluverðum umræðum var fjárhagsáætlunin samþykkt.

5. Kosning bekkjarfulltrúa 2013-2014

Guðni skýrir frá fyrirhuguðum bæklingsi sem á að afhenda hverjum og einum bekkjarfulltrúa. Nokkuð misjafnlega gekk að kjósa bekkjarfulltrúa sl. vor eins og stjórnin lagði upp með. Ákveðið að fundarmenn sendi núverandi bekkjarfulltrúum bréf í þessari viku til að minna á að kjósa bekkjarfulltrúa í síðasta lagi á námsefniskynningum sem fyrirhugaðar eru í næstu viku.

6. Fulltrúaráðsfundur í sept.

Fyrirhugað var að halda fulltrúaráðsfund þann 1. okt. n.k. Ákveðið var að færa fundinn fram um 2 vikur eða til 17. sept. þannig að vetrarstarfið hefjist fyrr af fullum krafti.

7. Foreldrarölt

Berglind lagði fram rölt dagskrá fyrir veturinn og upplýsti að ritari skólans hafi tekið að sér að senda út áminningu til viðkomandi bekkjarfulltrúa fyrir rölt þess bekkjar.

8. Vetrardagskrá

Ákveðið var að hafa stjórnarfundir annan þriðjudag í mánuði kl. 19.30. Dagskrá vetrarins liggur að mestu fyrir en breyting verður á fulltrúaráðsfundinum sbr. lið 6.

9. Önnur mál.

- Heimasíðumál skólans rædd en nokkuð hefur borið á því að mönnum finnist síðan nokkuð flókin.

- Formaður brýnir fyrir fundarmönnum að muna eftir því að boða varamenn í sinn stað komist þeir ekki á fundi.
- Næsti fundur ákveðinn 10. september kl. 19.30.

10. Fundi slitið

Guðni sleit fundi kl. 21.10